

Nd.

33. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 11 mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, þrír tilnefndir af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

Greinargerð.

Iðnfræðsluráð sér um framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla. Það sér um, að fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, t. d. varðandi skólahald og verknám.

Það er efalaust, að það skiptir enga meira en iðnnema, hvernig iðnfræðslan er framkvæmd. Þetta sjónarmið viðurkenndi Alþingi 1965 að nokkru, þegar það samþykkti, að einn fulltrúi frá Iðnnemasambandi Íslands skyldi eiga sæti í iðnfræðsluráði. Það var spor í rétta átt. En erfitt getur reynzt einum fulltrúa að halda fram rétti umbjóðenda sinna í níu manna ráði. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að Iðnnemasambandið tilnefni þrjá fulltrúa í iðnfræðsluráð og fjölgi fulltrúum í ráðinu samkvæmt því.

Þetta er í samræmi við þá stefnu, sem nú ryður sér hvarvetna til rúms, að tryggja aukinn hlut nemenda til áhrifa á kennsluhætti og fræðslumál.